10. gr. 26

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri 7. apríl
en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt. Skattgjaldið má taka lögtaki.

11. gr.

Strax eftir að skemmtun er lokið skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkvæmt 3. gr., af öllum þeim miðum, sem hann tók á móti að frádregnum þeim ónotuðu.

12. gr.

Skattatekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en hreppsnefnd skal þó halda fé þessu í sérstökum sjóði, sem skal vera undir stjórn hreppsnefndar, og skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum.

Fé sjóðsins má verja til einkasímakerfis í hreppnum, viðhalds þess og starfrækslu, samkvæmt samþykkt um það settri eftir ákvæðum laga nr. 11, 14. júní 1929.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000,00, og skal fara með mál, sem rísa út af þeim, sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1936.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

GJALDSKRÁ 27

14. apríl

fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Verð á sjó til fiskþvottar skal vera eins og hér segir, miðað við 100 kg af fiski:
Af fullverkuðum fiski (þurrfiski) greiðist 8 aurar.
Af hálfverkuðum fiski (saltfiski) greiðist 4 aurar.
Af óverkuðum fiski (blautfiski) greiðist 2 aurar.
Gjaldið af blautfiski greiðist aðeins af fiski, sem er settur í kassa í landi.

27
14. apríl

2. gr.

Gjald þetta fellur í gjalddaga um leið og fiskur er fluttur út eða til annara hafna innanlands.

3. gr.

Sjóveitugjald þetta greiðist á skrifstofu hafnarsjóðs um leið og greitt er vörugjald af fiski útfluttum úr kaupstaðnum, og skal kvittað fyrir greiðslu gjaldsins á farmskírteini. Fisk má ekki afgreiða til útflutnings eða annara hafna innanlands fyrri en gjaldið hefir verið greitt.

4. gr.

Endurgjald fyrir sjó til véla skal vera 8 aurar fyrir hverja smálest sjávar. Skulu mælar settir upp á leiðslurnar á kostnað þeirra, sem vélarnar eiga. Gjald samkvæmt þessari grein skal greitt fyrir sjónotkun frá 1. janúar 1935, og skal gjaldið áætlað, miðað við þá eyðslu, sem verður, eftir að mælarnir eru teknir í notkun. Gjalddagar á vélagjaldinu skulu vera í lok hvers mánaðar, og skal gjaldið greitt á skrifstofu hafnarsjóðs.

5. gr.

Fyrir sjó til salerna og baða skal greiða 10 krónur árlega, sem greiðast skulu 1. október.

6. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu tryggð með lögveði í húseign þeirri, sem sjónotkunin fer fram í, næstu tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 28, 8. september 1931, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.